

## **Þríneikvætt brjóstakrabbamein (þNBK)**

Sú tegund brjóstakrabbameins sem hvorki hefur hormónaviðtaka fyrir estrogeni og prógesteróni, né HER2 viðtaka kallast “þríneikvætt brjóstakrabbamein”.

Flest brjóstakrabbamein eru næm fyrir hormónum (um það bil 80%) og þau er hægt að meðhöndla með andhormóna meðferð. Þau krabbamein sem hafa HER2 viðtaka (um það bil 15%) er hægt að meðhöndla með HER2 “antikroppar”. Þessar meðferðir eru gagnslausar við þríneikvætt brjóstakrabbamein þar sem það hefur ekki þá eiginleika sem þessi lyf vinna á móti.

Mikilvægasta meðferðin við þNBK er skurðaðgerð ásamt krabbameinslyfjameðferð fyrir eða eftir aðgerðina og geislameðferð. Einnig getur verið nauðsynlegt að bæta við beinstyrkjandi meðferð með bifosfonat í sumum tilfellum. Um 10% nýgreindra brjóstakrabbameina er þNBK.

Stundum er rætt um að þNBK sé illvígasta brjóstakrabbameinið, sem getur verið villandi og gefið þær hugmyndir að ekki gangi að lækna slíkt krabbamein. Það er ekki rétt, langtum stærsti hluti þeirra sem greinast með þNBK teljast læknaðir að meðferð lokinni, þrátt fyrir að krabbameinsfrumurnar hafi oft eiginleika sem teljast “illvígir”.

Þó er það svo að hlutfall þeirra sjúklinga sem fá endurkomu krabbameins er nokkuð hærra við þNBK en við hormónanæmt og HER2 jákvætt krabbamein. Þess vegna er hægt að segja að þNBK sé óhagstæðasta eða miskunnarlausasta tegund brjóstakrabbameins.

Í dag er venjan að meðhöndla þNBK með krabbameinslyfjum sem fyrstu meðferð. Það gefur möguleika á að meta meðferðaráhrifin á krabbameinsfrumurnar og á þann hátt aðlaga meðferðina að hverjum einstaklingi fyrir sig.